



VSÓ RÁÐGJÖF



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2020-2035

**BREYTING – EFNISTÖKUSVÆÐI Á SAUÐÁRKRÓKI
(E-401)**

Febrúar 2025



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Forsendur	1
2.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035	1
3	Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar	1
3.1	Breytingar á greinargerð	1
4	Umhverfismat	4
4.1	Matsskylda	4
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	4
4.3	Nálgun og áherslur matsvinnu	4
4.3.1	<i>Einkenni og vægi áhrifa</i>	5
4.3.2	<i>Valkostir</i>	5
4.4	Umhverfisáhrif – niðurstöður	5
5	Kynning og samráð	6
5.1	Samráð	6
5.2	Umsagnaraðilar	6
5.3	Verkferli	6



1 Inngangur

Skagafjörður gerir breytingu á *Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035*, sem nær til efnistöku- og efnislosunarsvæðis E-401 á Sauðárkróki við Gönguskarðsá.

Breytingin hefur verið auglýst í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 Forsendur

2.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035

Í samræmi við breytta stefnu um nýtingu svæðisins E-401 er gerð breyting á landnotkun. Annars vegar er um að ræða að nýta svæði sem ekki er lengur nýtt til efnistöku fyrir útivist og hins vegar að stækka efnistökusvæði til að mæta framtíðarefnisþörf á Sauðárkróki.

3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar

Breytingin felur í sér breytta lögun á efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401. Stærð aðliggjandi svæða breytist til samræmis. Breyting tekur til uppdráttar og töflu 4.13 í kafla 4.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

- Breyting á þéttbýlisuppdrætti Sauðárkróks er sett fram aftast í greinargerð.

Efnistöku- og efnislosunarsvæðið E-401 verður skipt upp í þrjú svæði. Hluti svæðisins sem í dag er ekki lengur nýttur til efnistöku- eða efnislosunar verður skilgreint sem opið svæði OP 405. Svæðið verður frágengið og grætt upp. Þar myndast tenging opinna svæði milli Nafa, íþróttasvæði mótorkross-íþróttar og Gönguskarðsár. Vestasti hluti efnistöku- og efnislosunarsvæðisins fær nýtt landnotkunarnúmer E-404, það svæði verður eingöngu notað sem efnismóttaka og efnisgeymsla. Það svæði sem eftir er (E-401) breytist í lögun og verður áfram notað sem efnistökusvæði. Aukið er við heimild til efnistöku.

Nýtt svæði sem tekið verður til efnisvinnslu er í dag nýtt sem tún og til beitar. Einnig er tekið horn af svæði kringum vatnsveitu (I-405). Framtíðaráform eru um að breyta aðkomu Þverárfjallsvegar að Sauðárkróki. Þannig er gert ráð fyrir að Þverárfjallsvegur muni liggja um efnistöku- og efnislosunarsvæðið.

Ekki er gerð breyting á stefnu aðalskipulags að öðru leyti.

3.1 Breytingar á greinargerð

Gildandi aðalskipulag:

4.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Tafla fyrir breytingu

Tafla 4.13 efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) á Sauðárkróki.

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing / heimildir
E-401	Efnistöku- og efnislosunarstaður við Gönguskarðsá	13	Efnistaka 20.000 m ³ . Efnislosun fyrir hrein og ómenguð jarðefni. Magn efnis til losunar verði minna en 150.000 m ³ . Raskað svæði
E-402	Efnistökusvæði	2,3	Malarnáma. Allt að 100.000 m ³ efnistaka.



E-403	Efnistökusvæði, Borgarsandur	2,0	Setnáma í sjávarkambi, allt að 80.000 m ³ .
Samtals		17,5	

Breyting:

4.14 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Tafla eftir breytingu

Tafla 4.13 efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) á Sauðárkróki.

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing / heimildir
E-401	Efnistökusvæði Gönguskarðsá	5,9	Efnistaka 26.000 m ³ .
E-402	Efnistökusvæði	2,3	Malarnáma. Allt að 100.000 m ³ efnistaka.
E-403	Efnistökusvæði, Borgarsandur	2,0	Setnáma í sjávarkambi, allt að 80.000 m ³ .
E-404	Efnislosunarstaður við Gönguskarðsá	4,5	Efnislosun fyrir hrein og ómenguð jarðefni. Magn efnis til losunar verði minna en 150.000 m ³ . Raskað svæði
Samtals		14,7	

Gildandi aðalskipulag:

4.15 Opín svæði (OP)

Tafla fyrir breytingu

Tafla 4.14 Opín svæði (OP) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-401	Leiksvæði í Túnahverfi (tvö svæði)	6,4	Leiksvæði og skrudgarðar.
OP-402	Tún	4,3	Frístundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.
OP-403	Sunnan Sauðár, milli Borgargerðis og Skagfirðingabrautar	13	Til framtíðar litið er þetta vel staðsett uppbyggingarsvæði í grennd við miðsvæði og þjónustu. Svæðið er nokkur raskað eftir jarðvinnu og losun efna. Óheimilt er að losa efni á svæðinu. Stefnt er að því að bæta ásýnd svæðisins og frágang.
OP-404	Upp með Sauðá	13,2	Útivistarsvæði. Fyrst og fremst gönguleiðir.
OP-405	Ofan Sauðár og byggðar	89,5	Tún og svæði fyrir frístundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar. Útivistarsvæði.
OP-406	Sauðá vestan Tjarnar	23,5	Útivistarsvæði. Reiðleiðir / göngustígar. Viðkvæmt svæði.
OP-407	Austan Tjarnar, Borgarsandur	160,0	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði.
OP-408	Gönguskarðsá	16	Meðfram Gönguskarðsá ofan við virkjun. Útivistarsvæði og gönguleiðir.
OP-409	Vestan Gönguskarðsár	38	Svæðið meðfram Þverárfjallsvegi að Gönguskarðsá, umhverfis athafnasvæði.



OP-410	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði
OP-411	Gránúmóar	12,6	Svæði kringum athafnasvæði.
Samtals		411,5	

Tafla eftir breytingu

Tafla 4.14 Opin svæði (OP) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-401	Leiksvæði í Túnahverfi (tvö svæði)	6,4	Leiksvæði og skrudgarðar.
OP-402	Tún	4,3	Frístundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.
OP-403	Sunnan Sauðár, milli Borgargerðis og Skagfirðingabrautar	13	Til framtíðar litið er þetta vel staðsett uppbyggingarsvæði í grennd við miðsvæði og þjónustu. Svæðið er nokkur raskað eftir jarðvinnu og losun efna. Óheimilt er að losa efni á svæðinu. Stefnt er að því að bæta ásýnd svæðisins og frágang.
OP-404	Upp með Sauðá	13,2	Útivistarsvæði. Fyrst og fremst gönguleiðir.
OP-405	Ofan Sauðár og byggðar	92,5	Tún og svæði fyrir frístundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar. Útivistarsvæði.
OP-406	Sauðá vestan Tjarnar	23,5	Útivistarsvæði. Reiðleiðir / göngustígar. Viðkvæmt svæði.
OP-407	Austan Tjarnar, Borgarsandur	160,0	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði.
OP-408	Gönguskarðsá	16	Meðfram Gönguskarðsá ofan við virkjun. Útivistarsvæði og gönguleiðir.
OP-409	Vestan Gönguskarðsár	38	Svæðið meðfram Þverárfjallsvegi að Gönguskarðsá, umhverfis athafnasvæði.
OP-410	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði
OP-411	Gránúmóar	12,6	Svæði kringum athafnasvæði.
Samtals		414,5	

Gildandi aðalskipulag:

4.7 Iðnaðarsvæði (I)

Tafla fyrir breytingu

Tafla 4.5 Iðnaðarsvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður / lýsing	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
I-401	Vatnsveita og borholusvæði hitaveitu	15,0	170	10.000
I-402	Nýjar hreinsistöðvar fráveitu við Strandveg	2,0	0	1.500
I-403	Gönguskarðsárvirkjun 2. Orkuvinnsla. Uppsett afl 1,8 MW.	0,4	141	300
I-404	Sorpmóttaka og endurvinnsla	2,0	1.443	2.500
I-405	Svæði vatnsveitu	1,2	578	1.500



Samtals		20,6	2.332	15.800
---------	--	------	-------	--------

Tafla eftir breytingu

Tafla 4.5 Iðnaðarsvæði á Sauðárkróki og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður / lýsing	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
I-401	Vatnsveita og borholusvæði hitaveitu	15,0	170	10.000
I-402	Nýjar hreinsistöðvar fráveitu við Strandveg	2,0	0	1.500
I-403	Gönguskarðsárvirkjun 2. Orkuvinnsla. Uppsett afl 1,8 MW.	0,4	141	300
I-404	Sorpmóttaka og endurvinnsla	2,0	1.443	2.500
I-405	Svæði vatnsveitu	0,9	578	1.500
Samtals		20,3	2.332	15.800

4 Umhverfismat

4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöku aðalskipulags.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Horft er til megin markmiða Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Aðrar áætlanir og stefnuskjöl sem höfð er til hliðsjónar við umhverfismatið eru:

- Landskipulagsstefna
 - Framtíðarsýn og meginmarkmið er að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Umhverfisstefna Skagafjarðar.

4.3 Nálgun og áherslur matsvinnu

Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún víkur frá gildandi aðalskipulagsstefnu.

Umhverfispættir sem skoðaðir eru vegna breytingartillögu eru lífríki, menningarminjar, ásjúnd og samfélagslegir þættir.

Til hliðsjónar verður umhverfisskýrsla Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfispætti er stuðst við matsspurningar og viðmið, sjá töflu 4.1.

Tafla 4.1 Yfirlit yfir umhverfispætti og helstu áhrifaþætti.

Umhverfis- þáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Náttúrufar	Lífríki (gróður og dýr)	Verndarsvæði? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði?	Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013.



Umhverfis- þáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
		Votlendi? Liffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Ríósamningur um liffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða.
Landslag	Landslag/ ásýnd	Náttúrulegt landslag ? Ásýnd Skagafjarðar?	Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Landsskipulagsstefna 2015-2026
Samfélag	Efnahagur	Atvinnuuppbyggingu?	Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035 Skipulagslög nr. 123/2010 Landsskipulagsstefna 2015-2026
	Félagslegt umhverfi	Samfélagsþjónustu? Verslun- og þjónustu? Afþreyingu? Lífsgæði?	
	Menningar- minjar	Fornminjar? Búsetulandslag og byggingararf?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
	Landnotkun	Landbúnaðarland?	Skipulagslög nr. 123/2010 Jarðalög nr. 81/2004, sbr. 1. gr. markmið að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

4.3.1 Einkenni og vægi áhrifa

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa sbr. töflu 4.1 hér á undan. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (–)	Neikvæð (–)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Ef áhrif á umhverfisþátt eru metin mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

4.3.2 Valkostir

Umhverfismatið skoðar áhrif breytingartillögu og til samanburðar áhrif framfylgdar óbreyttrar stefnu aðalskipulags.

4.4 Umhverfisáhrif – niðurstöður

Niðurstöður fyrir umhverfisþætti og samanburður áhrifa breytingartillögu og gildandi aðalskipulags, þ.e. núllkosta.

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	Breytingartillaga – E-401 breytt lögun Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
Náttúrufar		
Lifríki (gróður og dýr)	Óbreytt svæði fyrir efnistöku og -losun.	Nýtt efnistökusvæði er á svæði sem er nýtt sem tún og til beitar. Ákveðin mótvægisáðgerð felst í frágang og uppgræðslu á núverandi efnistökusvæði.
Landslag		



Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	Breytingartillaga – E-401 breytt lögun Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
Landslag/ásýnd	Núverandi efnistöku- og efnislosunarsvæði er raskað svæði.	Breytingin á E-401 hefur óveruleg áhrif á ásýnd svæðis samanborið við óbreytta stefnu aðalskipulags. Frágangur á hluta núverandi efnistökusvæðis er jákvæður m.t.t. ásýndar svæðisins.
Samfélag		
Menningarminjar	Óbreytt svæði fyrir efnistöku og -losun.	Nýtt efnistökusvæði er ekki líklegt til að hafa áhrif á friðaðar menningarminjar.
Landnotkun	Efnistöku- og efnislosunarsvæði óbreytt. Nýting þess breytist með tímanum í efnislosun á hreinum og ómenguðum jarðefnum.	Breytingin á svæði E-401 tengir saman Íþróttasvæði við Gönguskarðsá og Nafirnar. Aðgengi verður að jarðefnis fyrir uppbyggingu á Sauðárkróki og framtíðarveg tengingar Þverárþjallsvegur. Breytingartillagan kemur betur til móts við þarfir sveitarfélagsins.

5 Kynning og samráð

5.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Kynnt var vinnslutillaga og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar var breytingartillaga fullgerð, síðan auglýst og send umsagnaraðilum.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu, (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfismati var aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is og heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila um vinnslutillögu og endanlega auglýsta breytingartillögu ásamt umhverfismatsskýrslu hennar.

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

5.3 Verkferli


Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Lýsing skipulagsverkefnis er til kynningar: Mars – apríl 2024
2. Breytingartillaga, forsendur og umhverfismat – kynning á vinnslustigi: Júní 2024
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Nóvember 2024
4. Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Febrúar 2025




Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035

Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Sauðárkróki



Gildandi aðalskipulag í mkv. 1:10 000
staðf. 04.04.2022



Tillaga að breytingu í mkv. 1:10 000 dags. 29.04.2024

Skýringar

- Vegir, götur og stígar, Aðrir vegir og götur
- - - Vegir, götur og stígar, Gönguleið
- - - Vegir, götur og stígar, Reiðleið
- Vegir, götur og stígar, Tengivegur/tengibraut
- (R)— Veitur, Rafveita, jarðstrengur
- (V)— Veitur, Vatnsveita
- Hús
- Athafnasvæði (A)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Opin svæði (OP)
- Verslun- og þjónusta (VP)
- Íbúðarbyggð (IB)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Mörk skipulagsbreytinga

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1.
mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann 12.02.2025

Sæunn Kolbrún Þorvaldsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 20. okt 2025

Staðfesting
Skipulagsstofnun

Breyting á

Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035
Þéttbýlisuppráttur
Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E-401)

Breyting á
efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 og E-404 á Sauðárkróki

Hnitakerfi: [ISN93]

Blaðstærð: A4

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22630_A_T_THU_12

Skipulag: ÍAK

Yfirfarið: VV